

Skógræktarfélag Ísafjarðar

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Ísafirði, 03.12.2018

Stígur frá Grænagarðsnámu að Skíðavegi.

Skógræktarfélag Ísafjarðar sótti um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu stígs frá Grænagarðsnámu að Skíðavegi með umsókn dags. 9. ágúst 2018. Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkti útgáfu framkvæmdaleyfis á fundi sínum þann 19. september sl.

Á fundi Skógræktarfélags Ísafjarðar þann 27. nóvember sl. var fjallað um málið þar sem stjórn félagsins var bæði hissa of hugsandi yfir framkvæmdaleyfisreikningi að upphæð 75.823 kr. þar sem félagið er í áhugamennsku að leggja stíg fyrir bæjarbúa. Stígurinn er um 500 metra langur og tengir gönguleið frá snjóflóðavörnum ofan Seljalandsvegur við göngustíga í Seljalandi.

Óskum við því hér með að Ísafjarðarbær endurskoði álagningu framkvæmdaleyfisgjalds á félagið vegna stígagerðar.

Virðingarfyllt

Fh. Skógræktarfélags Ísafjarðar

Sigurður Óskarsson, gjaldkeri